

T I L L A G A

til þingsályktunar um uppsögn á leigusamningi um húsnæði rekstrarstofu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. (Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Árna Helgasyni, Bryndísi Möllu Elíðóttur, Jónínu Rós Guðmundsdóttur og
Sigurði Grétari Sigurðssyni.
Frsm. Árni Helgason.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fela rekstrarstofu að segja upp leigusamningi um húsnæði á 5. hæð, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík frá og með 1. apríl 2023.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi hinn 25. október 2022 var skipaður starfshópur til að koma með tillögur að framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. Starfshópnum var ætlað að vinna þarfagreiningu fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvar og í framhaldi af þeirri vinnu koma með tillögu að framtíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn gerir ráð fyrir því að kynna niðurstöður sínar fyrir kirkjuþingi í október 2023 þar sem gert verður ráð fyrir því að biskupsstofa og rekstrarstofa verði í sama húsnæði enda núverandi fyrirkomulag aðeins hugsað til bráðabirgða.

Flutningsmenn leggja til að húsnæði rekstrarstofu við Suðurlandsbraut verði sagt upp frá og með næstu mánaðarmótum þar sem uppsagnarfrestur leigusamnings er 12 mánuðir.

Mikilvægt er að þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar verði sem fyrst sameinuð á ný í góðu húsnæði fyrir bæði starfsfólk og starfsemina.